



Nr. 20

REGLUGERÐ

Um upptökur og streymi frá leikjum í meistaraflokki karla og kvenna

1. gr.

Aðildarfélög ÍHÍ sem senda lið til keppni í meistaraflokki karla og kvenna skulu streyma frá leikjum í beinni útsendingu og hlaða upp á vef upptöku af leikjum inn á vefsvæði ÍHÍ.

2. gr.

Streymi frá þessum leikjum skal fara fram á streymisrásum ÍHÍ sem eru hluti af vef ÍHÍ. Upptökum skal hlaðið upp á Youtube eða Vimeo rás ÍHÍ innan tveggja sólahringa frá því að leik lauk.

3. gr.

ÍHÍ greiðir hverju félagi fyrir hvern leik sem streymdur er í meistaraflokki kvenna eða karla.

Samþykkt á Íshokkíþingi, 11. maí 2019.